

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. Ammann 2 Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	1.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Colas Ísland ehf. Ammann 2	Eftirlitsmaður	
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. - Ammann 2, þann 1. desember 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Stöðin var samþökkuð á athafnasvæði Colas og starfsleyfið er frá 10. desember 2020. Gerðar voru breytingar á starfsleyfinu þann 13. desember 2024.

### Dagskrá eftirlits

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjölum
- Umfang starfseminnar
- Trygging vegna bráðamengunar
- Fræst malbik
- Mælingar og vöktun
- Grænt bókhald, losunarbókhald, ársskýrsla
- Áhættumat
- Kvartanir
- Annað
- Vettvangsferð

### 1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Eitt eldra frávik var opið. Varðandi að magn kolmónoxíðs í útblæstri var yfir starfsleyfismörkum. Niðurstöður mælinga bárust 9. september 2023 og voru mælingar yfir mörkum. Sérfræðingur að utan stillti brennarann vorið 2025 en til að halda styrk kolmónoxíðs innan marka starfsleyfis var stöðin keyrð á minni afköstum. Vorið 2026 er gert ráð fyrir að skipta um brennara, rafkerfi og stýribúnað í stöðinni. Fráviki ekki lokað.

### 2. Kynning á fylgiskjölum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olíuskiljur.

### 3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að framleiða allt að 60 tonn/klst af malbiki í stöðinni. Einnig er heimilt er að hafa við stöðina olíugeyma (daggeyma) fyrir starfsemina með fullnægjandi lekavörn. Þar sem stöðin er ekki uppsett voru engir daggeymar við stöðina.

### 4. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði tryggingaskírteini í eftirlitinu.

### 5. Fræst malbik

Ekki er verið að endurnýta eldra malbik í stöðinni.

### 6. Mælingar og vöktun

Í starfsleyfinu kemur fram að mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri. Í ársskýrslu fyrir árið 2024 kemur fram að kolmónoxíð var yfir mörkum í starfsleyfi. Einnig kemur fram í starfsleyfinu að skila skuli

niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Niðurstöðum fyrir mælingar 2023 var ekki skilað fyrr en í ársskýrslu sem er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

#### 7. Grænt bókhald, losunarbókhald, ársskýrsla

Grænu bókhaldi fyrir 2024 var skilað of seint sem er frávik frá starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur undanfarin ár skilað einungis einu sameiginlegu grænu bókhaldi fyrir allar starfstöðvar og ekki með raunverulegum tölum. Skila skal grænu bókhaldi fyrir hvert og eitt starfsleyfi.

#### 8. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

#### 9. Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né Umhverfis- og orkustofnun hafa borist kvartanir vegna rekstursins frá síðasta eftirliti.

#### 10. Vettvangsferð

Keyrt var um svæðið þar sem malbikunarstöðin er í geymslu.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

gr. 4.2 í starfsleyfi.

skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Niðurstöðum fyrir mælingar 2023 var ekki skilað fyrr en í ársskýrslu sem er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Rekstraraðilar sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2025



Kristín Kröyer